



Betri merkingar matvæla

Skýrsla samráðshóps

Stjórnarráð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



Útgefandi

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

9. september 2020

www.stjornarradid.is

©2020 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

ISBN 978-9935-455-10-9



Efnisyfirlit

Markmið og hlutverk hópsins (4)

Bakgrunnur (5)

Samráðshópurinn (6-7)

Inngangur (8-9)

Grundvöllur upplýsingagjafar (10-22)

Yfirlit yfir tillögur hópsins (23)

Tillögur 1-12 (24-50)

Viðaukar

Ítarefni um tillögurnar (51-71)

Niðurstöður viðhorfskönnunar 2014 (72-73)

Tillögur að spurningum fyrir könnun 2020 (74-79)

Starfið (80-84)

Upplýsingar frá Neytendastofu (85-87)



Markmið og hlutverk hópsins

Tryggja betur rétt neytenda til upplýsinga um **uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun** og **umhverfisáhrif** matvæla, ásamt því að finna leiðir til að upplýsa **neytendur** og **fyrirtæki** betur um réttindi og skyldur í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.



Bakgrunnur

Í febrúar 2019 var undirritað samkomulag milli:

- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (ANR)
- Bændasamtaka Íslands (BÍ)
- Neytendasamtakanna (NS)
- Samtaka verslunar og þjónustu (SVP)
- Samtaka iðnaðarins (SI)

Í frétt á vef Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins var þess getið að í samkomulaginu fælist að gerð yrði gangskör í því að **bæta merkingar á matvælum** og tryggja þannig betur rétt neytenda til upplýsinga um **uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif** þeirra.



Samráðshópur um betri merkingar matvæla

Oddný Anna Björnsdóttir, formaður og verkefnisstjóri, skipuð af ráðherra

Árni Þór Sigurðsson, tilnefndur af FA

Benedikt S. Benediktsson, tilnefndur af SVÞ

Brynhildur Pétursdóttir, tilnefnd af NS

Gunnar Atli Gunnarsson, frá ANR, skipaður af ráðherra

Ragnheiður Héðinsdóttir (til okt) og Gunnar Sigurðarson (frá jún) tilnefnd af SI

Tjörvi Bjarnason, tilnefndur af BÍ

Bryndís Eiríksdóttir (til sept) og Elín R. Guðnadóttir (frá sept), ritarar og bakhjarlar hópsins frá ANR



Það er sameiginlegt hagsmunamál neytenda, stjórnvalda, verslunarinnar, framleiðenda og innflytjenda að bæta enn frekar merkingar á matvælum og tryggja þannig betur rétt neytenda til upplýsinga, m.a. um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif þeirra.

Undirritaðir aðilar ítreka því mikilvægi þess að standa vel að merkingum matvæla og hvetja ofangreinda aðila til þess að láta sig þetta mikilvæga málefni varða.

Vilji undirritaðra er að tillögur starfshópsins nái fram að ganga og munu allir leggjast á eitt um að svo megi verða.

Árni Þór Sigurðsson, gæðastjóri Garra; Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur SVÞ; Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri NS; Gunnar Atli Gunnarsson, aðstoðarmaður ráðherra; Gunnar Sigurðarson, viðskiptastjóri á framleiðslusviði SI; Oddný Anna Björnsdóttir, sjálfstæður ráðgjafi og Tjörvi Bjarnason, sviðsstjóri hjá BÍ



Inngangur

Víðtækar kröfur um merkingar koma fram í *reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda*, sem og í sértækri löggjöf, bæði séríslenskri og evrópskri. Að auki er fyrirtækjum í sjálfsvald sett að nýta fjölda vottana og merkinga, þ.m.t. upprunamerkinga, innlendra sem erlendra.

Löggjöfin og valkvæðar vottanir og merkingar hafa það sameiginlega einkenni að þeim er ætlað að tryggja öfluga neytendavernd og upplýst val neytenda. Á nýlega uppfærðum vef Matvælastofnunar eru ítarlegar og aðgengilegar upplýsingar um þær reglur sem gilda um merkingar matvæla og hvaða upplýsingum neytendur eigi rétt á.

Íslensk stjórnvöld eru bundin alþjóðlegum skuldbindingum, aðallega EES-samningnum, og þurfa í ýmsu tilliti að afla samþykkis vilji þau ganga lengra, þ.e. þeim er ekki er leyfilegt að gera meiri kröfur til íslenskra fyrirtækja en annarra.



Inngangur, frh.

Stjórnvöld geta hins vegar hvatt fyrirtæki til að ganga lengra og upplýsa þau um leiðir sem í boði eru, en verða þó að gæta þess hygla ekki innlendum fyrirtækjum á kostnað fyrirtækja frá hinum EES-ríkjunum.

Að mati samráðshópsins mætti meðvitund forsvarsmanna fyrirtækja og neytenda, um þær kröfur sem gerðar eru í löggjöf tengdri matvælum og rétti neytenda til upplýsinga, vera meiri. Því er eðlilegt að kröfurnar fái nánari kynningu, leiðbeiningar liggi fyrir, auk þess sem nauðsynlegt er að virkt eftirlit sé með framfylgd þeirra.

Í skýrslunni er bent á:

- Nýlegar tæknilausnir sem geta stórbætt upplýsingagjöf til neytenda á gagnlegan hátt þar sem upplýsingagjöf á umbúðum og skiltum eru takmörk sett.
- Að vert sé að huga að upptöku reglna sem falla utan EES-samningsins og Evrópugerða - sem íslensk stjórnvöld mega eiga von á að verði teknar upp í samninginn.
- Valkvæðar merkingar sem geta bætt upplýsingagjöf til neytenda.
- Að efla þurfi kynningu á gildandi reglum, efla leiðbeiningargjöf og tryggja að eftir þeim sé farið.



Grundvöllur upplýsingagjafar

Löggjöf, valkvæðar merkingar og aðgengi
neytenda og fyrirtækja að upplýsingum í dag.

Evrópska matvælalöggjöfin – víðtækar kröfur

Um merkingar matvæla gildir [reglugerð](#) nr. 1294/2014, um **miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda**.

- Með reglugerðinni var [reglugerð ESB nr. 1169/2011](#), með síðari breytingum, innleidd í íslenskan rétt.
- Íslenskir framleiðendur fengu annars vegar frest til 13. maí 2015 og hins vegar til 13. desember 2016 til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar.
- Í henni eru settar fram víðtækar kröfur um hvaða upplýsingar skuli veita neytendum.

Reglugerðin gerir kröfu um skýrari, ítarlegri og nákvæmari upplýsingar um matvæli en áður gildi.


- Á öllum stigum **matvælaferilsins** þegar starfsemi varðar miðlun matvælaupplýsinga til neytenda.
- Um **öll matvæli** sem ætluð eru neytendum, þ.m.t. matvæli sem stóreldhús afgreiða og matvæli sem ætluð eru fyrir stóreldhús.




Evrópska matvælalöggjöfin – markmið og upplýsingar

Markmið: Tryggja öflugri neytendavernd á sviði matvæla og ná fram öflugri heilsuvernd fyrir neytendur, m.a. í ljósi þess að sjónarmið sem varða heilbrigði, efnahag, umhverfi og félagslega og siðferðislega þætti, geta haft áhrif á val neytenda.

Upplýsingar: Á nýlega uppfærðum [vef](#) Matvælastofnunar eru ítarlegar og aðgengilegar upplýsingar, bæði fyrir matvælafyrirtæki og neytendur, um þær [reglur](#) sem gilda um merkingar matvæla og hvaða upplýsingum neytendur eigi [rétt á](#).






The screenshot shows the Mast website home page. At the top left is the Mast logo with the text 'Matvælastofnun'. To the right is a navigation menu with 'Neytendur' highlighted. Below the logo is the URL 'Mast.is'. The main heading is 'Neyten'. There are two columns of links: 'Merkingar matvæla' and 'Meðhöndlun matvæla'. Below these is a section titled 'Almennar upplýsingar um merkingar' with a sub-heading 'Kynntu þér rétt þinn til upplýsinga um þann mat sem þú neytir:'. This section contains a list of links: 'Þessum upplýsingum átt þú rétt á', 'Innihaldslýsing', 'Næringargildi', 'Upprunamerkingar', 'Geymsluþol', 'Geymsluskilyrði', and 'Yfirlýsing um nettómagn'.



The screenshot shows the 'Matvælafyrirtæki' page on the Mast website. The navigation menu at the top has 'Neytendur' and 'Matvælafyrirtæki' highlighted. Below the navigation is the URL 'Mast.is'. The main heading is 'Matvælafyrirtæki'. There are two columns of links: 'Góðir starfshættir' and 'Merkingar'. The 'Góðir starfshættir' column contains links for 'Innra eftirlit', 'Sýnatökur', 'Innköllum', 'Hreinleiki sláturdýra', and 'Ýmsar leiðbeiningar'. The 'Merkingar' column contains a link for 'Fiskur til ESB'.



- Merkingar
- Almennt um merkingar
- Auðkennismerki og samþykkisnúmer
- Aukefni
- Barnamatur
- Endurmerking matvæla
- Ensím
- Ofnæmis- og óþolsvaldar
- Fersk matvæli
- Fiskur til ESB



- Fullyrðingar
- Geymsluþol
- Glúten
- Magnmerkingar
- Næringargildi
- Óforpökkuð matvæli
- Skrárgatið
- Upprunamerkingar
- Koffín
- Fæðubótarefni
- Erfðabreytt matvæli og fóður
- Bragðefni
- Lífrænt vottuð matvæli og fóður



Merkingar matvæla

Þessum upplýsingum átt þú rétt á

Geymsluþol

„Síðasti notkunardagur“/
„notist eigi síðar en“

Ekki má selja matvæli eftir þann dag, því þau eru ekki lengur örugg til neyslu.

„Best fyrir“

Það má selja matvæli þó „Best fyrir“ dagsetning sé liðin, ef aðgreind í verslun.

Næringarmerking

Hún sýnir hve mikið matvæli innihalda af orku og ákveðnum næringarefnum í 100 g eða ml. Öll atriðin hér til hægri verða að koma fram í næringarmerkingu.

Skytt verður að næringarmerkingu best matvæli frá 13.12.2016

Geymsluskilyrði

Kælivörur geymast við 0-4°C, frystivörur við a.m.k. -18°C. Rétt geymsla matvæla tryggir að geymsluþolsmerking standist.

Heiti vörunnar

Krabbasalat

Með paprikubitum

Innihald:

Reipjuolla, krabbakjöt (28%), vatn, sykur, edik, eggjarauður, paprika (4%), laukur, salt, bindiefni (E-405, E-415), krydd, bragðefni, rotvamefni (E-211)

Síðasti notkunardagur:
05.04.2016

| Næringargildi í 100 g: | |
|------------------------|--------------------|
| Orka | 1944 kJ / 465 kcal |
| Fita | 41 g |
| þar af mettuð | 4,6 |
| Kolvetni | 13 g |
| þar af sykurtengundir | 0,7 g |
| Prótein | 11 g |
| Salt | 0,71 g |

Pyngd: 250 g
Kælivara 0 – 4 °C

Aðalsalat v. hf.
Sólskinsgötu, 1
121 Reykjavík
s. 555-6667
Netfang:
meistan@isl.is

Heiti og heimilisfang Fyrirtækið sem neytendur geta haft samband við vegna matvörunnar.

Aukefni eru merkt með flokkshæiti sem lýsir tilgangi með notkun og E-númeri eða heiti aukefna.

Innihaldsefni

eru í röð eftir minnkandi magni.

Ófnæmis- og óþolsvaldar eru merktir með skýrum hætti og aðgreindir t.d. með feitletrun. Þegar matvæli eru seld án umbúða á kaupandi rétt á upplýsingum um ófnæmis- og óþolsvalda og flest önnur atriði sem venjulega koma fram á umbúðunum.

Magn innihaldsefna Ef heiti vöru, myndir eða texti draga fram ákveðin innihaldsefni, eða neytendur tengja ákveðin innihaldsefni við heitið, þá verður magn þeirra (%) að koma fram.

Réttur neytenda

Þú átt rétt á aðgengilegum, nákvæmum, auðskiljanlegum og skýrum upplýsingum í skilgreindri lágmarksleturstærð um matvæli, á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku. Merkingar mega ekki vera villandi. Allar upplýsingar (nema geymsluþol) verða að vera tiltækar áður en kaup eru ákveðin í fjarsölu, s.s. í gegnum síma eða netið. Kynntu þér rétt þinn nánar á vef Matvælastofnunar, www.mast.is.

Upprunamerking

Uppruna er skytt að merkja á sum matvæli s.s. grænmeti og nautakjöt. Meira um það á mast.is.

Tómatar

Uppruni: Ísland
Pyngd: 350 g

Aldin garðyrkjustöð
Tómataleig 2
845 Flúðum

Nettómagn

Þyngd eða rúmmál matvæla án umbúða.

Fullyrðingar

má nota, ef þær uppfylla ákvæði laga um leyfilegar fullyrðingar.

Næringarfullyrðingar s.s. próteinríkur, fitulítill og Skrárgatið draga fram jákvæða næringarþætti.

Heilsufullyrðingar s.s. „D-vítamín stuðlar að viðhaldi eðlilegrar vöðvastarfsemi“ segja til um tengsl heilsu og matvæla eða efna í þeim.

SKYR

Próteinríkt
Prótein stuðlar að vexti vöðvamassa

Innihaldsefni: Undanrenna, bláber (5%), sykur, maísterkja, bragðefni, jógúrtgerlar.

Best fyrir: 10.01.2016

Kælivara: Geymist við 0-4°C

Rúmmál: 200 ml

Næringarinnihald í 100 g:

| | |
|-----------------------|------------------|
| Orka | 189 kJ / 45 kcal |
| Fita | 0,5 g |
| þar af mettuð | 0,3 g |
| Kolvetni | 4,5 g |
| þar af sykurtengundir | 4,5 g |
| Prótein | 5,4 g |
| Salt | 0,1 g |

Aðalnýjök ehf. Stjórastíg 1, 800 Egilsstöðum

Tryggjum öryggi matvæla

Notum ekki matvæli eftir að „Síðasti notkunardagur“ er liðinn

Nýtum matvæli þó „Best fyrir“ dagsetning sé liðin, ef þau eru með eðlilega lykt, bragð og útlit

Minnkum matarsóun



Upprunamerkingar matvæla – kjöt, matjurtir og hunang

Skylt er að merkja helstu **kjöttegundir** (ferskar og frosnar, heil stykki og hakk), flestar **matjurtir** og **hunang** með upprunalandi, skv. reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Ef dýr er fætt, alið og því slátrað í ólíkum löndum, þarf að koma fram á umbúðum í hvaða landi **hvert framleiðslustig** fór fram.

- **Upprunaland** er það land þar sem matjurt var ræktuð, dýr fætt og alið, eða þar sem síðasta vinnslustig unninna afurða fór fram.
- **Upprunastaður** er það landsvæði, hérað eða jafnvel hópur landa (t.d. Norðurlönd) þar sem matvæli eru upprunnin.

Upprunamerkingar matvæla – unnar kjötvörur

Í þeim tilvikum sem hráefni í unnar kjötvörur eiga uppruna að rekja til annars lands en þau eru meðhöndluð og fullunnin í, hefur upprunamerking ákvarðast af þeim stað þar sem varan undirgengst **síðustu umtalsverðu umbreytingu**, skv. [EES-samningnum](#).

Dæmi: Þegar unnin kjötvara (t.d. skinka, beikon, pylsur og bökur) er framleidd úr fersku kjöti er um að ræða umtalsverða umbreytingu, en ekki þegar kjöt er niðursneitt, hakkað eða pakkað í umbúðir. Því er leyfilegt, skv. Reglugerðinni, að merkja unnar kjötvörur sem framleiddar eru úr erlendu kjöti sem íslenskar og samkvæmt upplýsingum hópsins verður því ekki breytt í nánustu framtíð.

Þess vegna hefur skapast þörf fyrir **valkvæðar merkingar**, t.d. **fánaröndina** og **upprunamerki fyrir íslenskar búvörur**. Rétt er að áréttta að í ljósi ákvæða EES-samningsins geta stjórnvöld ekki hvatt til neyslu innlendra vara umfram erlendra með **kröfum** um merkingar.

Uppruni matvæla - megininnihaldsefni

Eftirfarandi eru [væntanlegar reglur](#) sem byggja á 26. grein í reglugerð ESB nr. 1169/2011:

*Þegar upprunaland eða upprunastaður matvæla er gefinn upp, en uppruni megininnihaldsefnisins er ekki sá sami, skal einnig gefa upp upprunaland eða upprunastað **megininnihaldsefnisins** eða gefa upp að uppruni þess sé annar.*

Ákvæðið verður ekki virkt fyrr en útfærsla á því verður birt í reglugerð. Staðan á því er sú að gerðin er til meðferðar hjá EFTA og aðildarríkjum. Ekki er vitað hvenær eða hvernig hún verður tekin upp í EES-samninginn og innleidd í íslenskan rétt.



Önnur löggjöf - tengd merkingum matvæla

[Lög](#) um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið

...og [reglugerð](#) um notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru og þjónustu

[Lög](#) um vernd afurðaheita

...og [reglugerð](#) um skráningu afurðaheita – [samningur](#) við ESB

[Lög](#) um lífræna landbúnaðarframleiðslu

...og [reglugerð](#) um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara



Önnur löggjöf - tengd merkingum matvæla

[Reglugerð](#) um notkun **Skráargatsins** við markaðssetningu matvæla – sbr. 18 gr. laga um matvæli

[Reglugerð](#) um merkingu og rekjanleika **erfðabreyttra** matvæla og erfðabreytts fóðurs

[Reglugerð](#) um **hollustuhætti** sem varða **matvæli úr dýraríkinu** – auðkennismerki og samþykkisnúmer

[Reglugerð](#) um **næringar- og heilsufullyrðingar** er varðar matvæli

[Reglugerð](#) um **barnamat** fyrir ungbörn og smábörn



Áhugaverðar reglur

sem standa utan EES-samningsins

Upprunamerkingar kjöts á veitingastöðum, í mótuneytum og á öðrum stöðum sem selja óforpökkuð matvæli - reglugerð í Finnlandi með 2ja ára gildistíma - „finnska leiðin“.

Merkingar fiskafurða - kröfur um merkingar samkvæmt IV. kafla CMO reglugerðar ESB nr. 1379/2013.

Mjólkurvöruheiti eigi aðeins við um dýramjólk – Reglugerð nr. 1308/2013/EB er aðeins að takmörkuðu leyti hluti af EES-samningnum. Mörg ákvæði hennar snúa að landbúnaðarstefnu ESB, þ.á.m. ákvæði er varða notkun heitisins „mjólk“.



Valkvæðar merkingar - í eigu samtaka

Íslenskt gjörðu svo vel – [myndmerki](#) í eigu Samtaka iðnaðarins sem ætlað er að staðfesta að vara sé framleidd á Íslandi. Hráefnið þarf ekki að vera íslenskt – *byggir á skilyrðum fánalaganna*.

Upprunamerki fyrir íslenskar búvörur – Bændasamtökin hafa lýst yfir vilja til að eiga og reka sameiginlegt myndmerki fyrir landbúnaðinn sem staðfesti að uppruni hráefnis í unnum og óunnum matvælum sé íslenskur.

Matarhandverk - Samtök smáframleiðenda matvæla vinna að sameiginlegu [myndmerki](#) og reglum um notkun þess fyrir framleiðendur íslensks matarhandverks.



Valkvæðar merkingar

Nutri Score – [hollustumerki](#) sem yfirvöld í nokkrum löndum Evrópu mæla með og kallað er eftir að verði *lögbundið innan ESB*, en ekki valkvætt eins og nú er.

Kolefnisspor – á umbúðum matvæla og tilbúnum réttum, en [kolefnisspor](#) samanstendur af niðurstöðum vistferilsgreininga sem er stöðluð aðferðafræði til að meta umhverfisáhrif vöru og þjónustu yfir líftíma þeirra.

Valkvæðar vottanir og upprunamerkingar - [Greining](#) Íslandsstofu frá 2018.



Yfirlit yfir tillögur hópsins

Tæknilausnir

- 1a. Bálkakeðjutæknin
- 1b. Gagnalaug GS1 Ísland

Merkingalöggjöf

- 2. Þjóðfáninn á matvælum
- 3. „Finnska leiðin“
- 4. Merkingar fiskafurða
- 5. Merkingar staðkvæmdarvara dýraafurða
- 6. Næringarmerkið Nutri Score

Valkvæðar merkingar

- 7. Búvörumerki
- 8. Matarhandverksmerki
- 9. Kolefnisspor á umbúðum/máltíðum
- 10. Lyfjanotkun
- 11. Átaksverkefni
- 12. Viðhorf neytenda 2020



Tillaga 1: Tæknilausnir

Ábending: Nýjar tæknilausnir sem geta meðal annars stóraukið upplýsingagjöf um matvæli til neytenda eru að ryðja sér til rúms. Mikilvægt er að stjórnvöld fylgist vel með og stuðli að því að þær verði nýttar í sem mestum mæli.

Markmið: Safna saman þeim upplýsingum sem til eru um matvæli þannig að neytendur og fyrirtæki geti nálgast þær með einföldum hætti.

Stutt lýsing: Hópurinn fjallaði um bálkakeðjutæknina og Gagnalaug GS1 á Íslandi. *Sjá Tillögu 1a og 1b.*

Tækifæri: Nýta tækniþróun til að koma upplýsingum um matvæli, sem til eru í kerfum á ólíkum stigum virðis_keðjunnar og geta skipt neytendur máli, til þeirra á einfaldan hátt. Tæknina er einnig hægt að hagnýta til að draga úr tæknilegum hindrunum í milliríkjavíðskiptum með matvæli í formi ólíkra krafna til merkinga.

Tillaga 1: Tæknilausnir frh.

Neytendur: Tryggja betur aðgengi neytenda að upplýsingum um innihald, uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif matvæla.

Áskorun: Stuðla þarf að hagnýtingu tæknilausna og e.t.v. móta regluverk í kringum þær til að tryggja skjóta upptöku. Mikilvægt er að lausnirnar birti áreiðanlegar upplýsingar.

Tillaga: Stjórnvöld stuðli að því að neytendur geti hafið notkun lausnanna hið fyrsta, e.t.v. í gegnum smáforrit í símanum sínum. Stjórnvöld beiti sér einnig fyrir því að neytendur og verslunarfyrirtæki verði meðvituð um tilvist og notagildi lausnanna.

Tímasetning: Haustið 2020

Kostnaður: Óverulegur

Tillaga 1a: Bálkakeðjutæknin

Ábending: Bálkakeðjutæknin er í hraðri þróun og gæti nútímavætt allt upplýsingatækniumhverfið í virðiskeðju matvæla hér á landi.

Markmið/neytendur: Tryggja rekjanleika og gagnsæi í gegnum alla virðiskeðju matvæla, frá býli til neytenda.

Stutt lýsing: Bálkakeðjutæknin býður upp á sameiginlegan gagnagrunn allra í virðiskeðjunni þar sem upprunalegu gögnin eru send á milli og því ekki hægt að falska þau eða breyta. Hugbúnaður fær lesaðgang að tölvukerfum aðila í virðiskeðjunni og skrifar niður í bálkakeðjuna þær upplýsingar sem auka rekjanleika.

Nánari upplýsingar má finna á glærum 52-58.

Tækifæri: ESB hefur á sinni tímaáætlun (2019–2025) að gera bálkakeðjutæknina ráðandi og hefur Ísland alla burði til að verða leiðandi í nýtingu tækninnar þar sem landið er komið langt í upplýsingatæknivæðingu. Mikið hagræði og ávinningur gæti verið fólgin í því ef matvælaframleiðendur, vinnsluaðilar og verzlunin myndu, að teknu tilliti til samkeppnisreglna, sameinast um lausn sem allir matvælaframleiðendur á Íslandi gætu nýtt sér.



Tillaga 1a: Bálkakeðjutæknin, frh.

Neytendur: Geta nálgast upplýsingarnar með því að skanna QR kóða eða strikamerki á matvælum með símanum sínum.

Tillaga: Stjórnvöld skapi samráðsvettvang hagaðila sem myndi skilgreina mögulegar útfærsluleiðir og kostnað sem af hlýst.

Tímasetning: Samráðsvettvangur skipaður haustið 2020.

Kostnaður: Óverulegur.

Nánar á glærum 52-58

Tillaga 1b: Gagnalaug GS1 Ísland

Ábending: GS1 Ísland hefur aðlagð danska gagnalaug að íslenskum markaði með íslensku vefviðmóti. Verslunin Krónan hefur dregið vagninn í að sýna verslunum og framleiðendum ávinninginn af því að nýta þessa lausn. Bálkakeðja getur sótt gögn í gagnalaugar.

Markmið: Einfalda yfirsýn og aðgengi að upplýsingum um neysluvörur á markaði, auka hagræði og möguleika á að koma meiri upplýsingum til neytenda en komast fyrir á umbúðum og merkingum í verslunum.

Stutt lýsing: Gagnalaug GS1 Ísland er veflausn sem inniheldur upplýsingar um neysluvörur sem til eru um vörurnar hjá framleiðendum/birgjum. Í dag eru komnar upplýsingar frá nokkrum lykilframleiðendum/birgjum inn í laugina og Krónan búin að samþætta sín upplýsingakerfi við hana (og erlendar gagnalaugar) og byrjuð að sækja upplýsingar í hana. Reynslan af því hefur verið mjög jákvæð. *Nánari upplýsingar á glærum 59-63.*

Áskorun: Ekki er ljóst hver muni bera ábyrgð á því að tryggja áreiðanleika upplýsinga, en e.t.v. þarf að kveða á um áreiðanleika og eftirlit með lögum.

Tillaga 1b: Gagnalaug GS1 Ísland, frh.

Tækifæri: Stuðla að því að netverslanir tengist gagnalauginni sem allra fyrst, en bent hefur verið á að verulegur misbrestur sé á því að þær uppfylli kröfur reglugerðar um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Jafnvel virðast dæmi um að fyrirtækin þekki ekki til slíkra krafna.

Neytendur: Beta-útgáfa af smáforriti (appi) sem neytendur geta hlaðið niður í símann sinn og notað til að nálgast upplýsingarnar, með því að skanna QR kóða eða strikamerki á matvælum með símanum, er nú þegar í prófun.

Tillaga: Eins og fram kom hér að framan vinna smásalar, birgjar og framleiðendur nú saman að því að setja upplýsingar inn í kerfið og nýta þær með því að samþætta þær við sín kerfi. Hlutverk yfirvalda getur falist í því að stuðla að því að sú vinna gangi sem hraðast fyrir sig og skilgreina þær reglur sem gilda eiga um áreiðanleika upplýsinga.

Tímasetning: Veturinn 2020-2021.

Kostnaður: Óverulegur.

Nánar á glærum 59-63

Tillaga 2: Þjóðfáninn á matvælum

Ábending: 1) Í 12 gr. *laga um þjóðfána Íslendinga* kemur fram að vara teljist ekki íslensk ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera einkennandi hluti vörunnar og sé eðlislík tilteknum afurðum. Að mati hópsins þarf að skýra framangreint nánar. 2) Í 2. gr. *reglugerðar um notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru og þjónustu* kemur fram hugtakið „nægileg aðvinnsla“. Fær hópurinn ekki betur séð en að það sé mjög matskennt og var það staðfest af sérfræðingi hjá Neytendastofu. *Nánar á glærum 64-67.*

Markmið: Auðvelda aðilum á markaði að skilja hvenær vara teljist ekki íslensk í skilningi ákvæða fánalaga og kalla eftir leiðbeiningum um inntak „nægilegrar aðvinnslu“.

Stutt lýsing: 1) Í lögnum kemur fram að innflutt vara megji ekki vera eðlislík búvöru, þ.m.t. afurðum eldisfiska, sem ræktuð er hér á landi, vöru sem er framleidd hér á landi á garðyrkjubýli, gróðrarstöð eða garðyrkjustöð, eða nytjastofnum sjávar sem veiddir er af íslenskum skipum innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

2) Í reglugerðinni stendur nú að nægileg aðvinnsla sé „*framleiðsla eða vinnsla vöru sem skapi næga virðisaukningu til þess að unnt sé að meta vöruna íslenska*“.

Tillaga 2: Þjóðfáninn á matvælum, frh.

Tækifæri: Það verði skýrt í huga framleiðenda hvenær megi nota fánamerkið og hvað það standi fyrir.

Áskorun: Hugtakið „nægileg aðvinnsla“ byggir á hinum svokölluðu „Non-preferential rules of origin“ sem eru mjög flóknar.

Neytendur: Þurfa að vita hvað fánamerki á matvælum standi fyrir svo þeir geti tekið upplýsta ákvörðun þegar þeir kaupa vöru sem er markaðssett með tilvísun í þjóðfánann.

Tillaga: Neytendastofu verði falið að veita leiðbeiningar um 1) hvenær hráefni teljist ekki íslenskt og 2) hvað „nægileg aðvinnsla“ þýði. Það verði gert með ítarlegum leiðbeiningum með dæmum sem byggist á ákvæðum fánalaganna og reglugerðar. Þær leiðbeiningar verði einnig birtar á vef Matvælastofnunar undir upplýsingum um merkingar matvæla. Skilgreindur aðili hjá Neytendastofu hafi leiðbeinandi hlutverk.

Tímasetning: Haustið 2020.

Kostnaður: Óverulegur.

Nánar á glærum 64-67

Tillaga 3: „Finnska leiðin“

Ábending: Skyllt er að tilgreina upprunaland á umbúðum fersks og frosins kjöts í verslunum, en einungis skyllt að geta veitt þær upplýsingar munnlega á veitingastöðum og öðrum stöðum sem selja óforpökkuð matvæli.

Markmið: Bæta skilyrði og stöðu neytenda til þess að taka meðvitaða og upplýsta ákvörðun tengda uppruna þess ferska kjöts sem er á boðstólum á veitingastöðum, mótuneytum og öðrum stöðum sem selja óforpökkuð matvæli.

Stutt lýsing: Þann 1. maí 2019 tók í gildi reglugerð í Finnlandi með tveggja ára gildistíma sem skyldar þá staði sem selja óforpökkuð matvæli til að upplýsa viðskiptavinum sínum um uppruna þess ferska kjöts og hakks sem þeir hafa á boðstólum, t.d. í bæklingi eða á töflu, þannig að ekki þurfi að spyrja starfsmann (þurfa ekki að vera á matseðli). Reglugerðin tekur til þess kjöts sem skyllt er að upprunamerkja þegar það er forpakkað (sjá glæru 15). Upphaflega var ætlunin að hafa fisk inni í reglugerðinni, en þar sem upprunamerkingar á fiski eru hluti af sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB, drógu Finnar kröfuna til baka.

Tillaga 3: „Finnska leiðin“, frh.

Áskorun: Uppruni kjöts sem notað er í sama réttinn getur verið breytilegur milli sendinga og matseðlar breytast reglulega sem krefst þess að upplýsingar um uppruna kjötsins þarf að uppfæra reglulega. Það krefst aukinnar vinnu sem getur verið áskorun, sérstaklega fyrir litla veitingastaði og kostnaður getur aukist vegna aukins eftirlits þessu tengt.

Hagaðilar: Skiptar skoðanir voru meðal þeirra veitingamanna sem hópurinn ræddi við. Rekstraraðilar lítilla veitingastaða virðast sjá mestu hindranirnar, en rekstraraðilar mötuneyta voru jákvæðari.

Neytendur: Sjá markmið. Neytendur geri sér betur grein fyrir uppruna kjöts sem í boði er á veitingastöðum, mötuneytum og öðrum stöðum sem selja óforpökkuð matvæli.

Reynsla Finna: Ekki reyndist mögulegt að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um reynsluna hingað til, bæði vegna þess að hún hefur enn ekki verið tekin saman og vegna Covid / lokunar / skertar starfsemi veitingastaða.

Tillaga 3: „Finnska leiðin“, frh.

Tillaga: Ráðherra taki til skoðunar hvort taka eigi upp sambærilegar reglur hér á landi þegar Finnar hafa skilað sinni umsögn um áhrif og virkni reglugerðarinnar þar í landi til framkvæmdastjórnar ESB sem þeir eiga að gera áður en gildistími hennar rennur út (fyrir lok apríl 2021). Verði reynslan góð er mat hópsins að innleiða eigi sambærilegar reglur hér á landi, e.t.v. þannig að minni háttar rekstur verði undanþeginn (*de minimis*).

Hópurinn vill jafnframt að veitingahús og mötuneyti séu hvött til að eiga frumkvæði að því að upplýsa neytendur um uppruna kjöts.

Tímasetning: Maí 2021.

Kostnaður: Óverulegur.

Tillaga 4: Merkingar fiskafurða

Ábending: Ekki er skylt að veita neytendum hér á landi tiltekna upplýsingar um fiskafurðir sem neytendur innan Evrópusambandsins eiga rétt á. Upplýsingarnar geta haft áhrif á val neytenda á fiskafurðum.

Markmið: Bæta skilyrði og stöðu neytenda til þess að taka meðvitaða og upplýsta ákvörðun tengda uppruna þeirra fiskafurða sem seldar eru í matvöruverslunum.

Stutt lýsing: [Kröfur](#) um merkingar fiskafurða eru ríkari innan ESB en hér á landi. Kröfurnar eru tilgreindar í [CMO reglugerð](#) ESB nr. 1379/2013 en þær eru; verzlunar- og vísindaheiti, framleiðsluaðferð („Veiddur í sjó“, „Veiddur í ferskvatni“ eða „Eldisfiskur“), veiði- eða eldissvæði og veiðarfæri. Kröfur í reglugerðinni um hvort varan sé uppídd og að geymsluþolsdagsetning komi fram eru þegar í reglugerð 1294/2014 um merkingar matvæla.



Tillaga 4: Merkingar fiskafurða, frh.

Áskorun: Fiskútflytjendur hér á landi þurfa nú þegar að uppfylla kröfurnar. Þeir hagaðilar sem hópurinn hafði samband við töldu enga ástæðu til þess að neytendur hér á landi hefðu ekki rétt á þessum upplýsingum.

Tillaga: Hér á landi verði gerðar sambærilegar kröfur um merkingar fiskafurða og koma fram í CMO reglugerðinni. Hagaðilar upplýstir og merkingarnar kynntar neytendum.

Tímasetning: Haustið 2020.

Kostnaður: Óverulegur.

Tillaga 5: Merkingar staðkvæmdarvara dýraafurða

Ábending: Í kjölfar [erindis](#) Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði tók Neytendastofa ákvörðun í máli er sneri að hillumerkingu jurtavara sem innihalda sem dæmi orðin „mjólk“, „rjómi“ eða „smjör“ í heiti sínu. Neytendastofa hefur staðfest að það sama eigi við um aðra vöruflokka, eins og jurtakjöt og jurtaegg, þ.e. að merkingar megi ekki vera villandi gagnvart neytendum og ljóst þurfi að vera um hvers konar vöru sé að ræða. Samkvæmt upplýsingum hópsins er algengt að mjólkurvöruheitið sé notað án þess að jurtauppruni sé gefinn til kynna, t.d. á veitingastöðum og í bakaríum.

Markmið: Bæta skilyrði og stöðu neytenda til þess að taka meðvitaða og upplýsta ákvörðun um vörukaup.

Stutt lýsing: Neytendastofa hefur sömuleiðis staðfest að ákvörðun hennar eigi jafnt við um forpökkuð og óforpökkuð matvæli og því gildi hún einnig um veitingastaði, mótuneyti og aðra slíka staði.



Tillaga 5: Merkingar staðkvæmdarvara dýraafurða, frh.

Neytendur: Mikilvægt er að gæta þess að upplýsingar sem gefnar eru séu ekki villandi fyrir neytendur og á það bæði við um upplýsingar sem gefnar eru um matvæli og aðrar vörur. Neytendur eiga rétt á að vita hvers konar hráefni þeir eru að kaupa/neyta. Að auki er greiðsluvilji jafnan meiri ef neytendur standa í þeirri trú að dýrara hráefni sé notað (ferskur kúamjólkurrjómi en ekki jurtarjómi sem dæmi) og ef svo er ekki, er hætt við að þeir greiði fyrir annað hráefni en væntingar standa til.


Tillaga: Rekstraraðilar staða sem selja óforpökkuð matvæli verði upplýstir um mikilvægi réttrar tilgreiningar á þeim efnisþáttum sem skipt hefur verið út sem og að virkt eftirlit sé haft með því að það sé gert. Jafnframt sé eftirlit með hillumerkingum í verslunum.

Tímasetning: Haustið 2020.

Kostnaður: Óverulegur.

Nánar á glærum 68-71

Tillaga 6: Nutri Score - valkvætt




Ábending: Heilbrigðisyfirvöld í Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu, Hollandi og Spáni hafa opinberlega mælt með notkun Nutri Score næringarmerkisins. Í apríl 2020 sendu 40 hagaðilar, þ.m.t. neytendasamtök, þingmenn, fræðimenn, lýðheilsusamtök og matvælaframleiðendur, áskorun til ESB þar sem kallað var eftir því að Nutri Score yrði lögbundið innan sambandsins og er það í skoðun innan ESB.

Markmið: Bæta upplýsingagjöf til neytenda tengda hollustu matvæla, bættri lýðheilsu og meira samræmi þegar kemur að hollustu/næringarmerkjum innan evrópska matvælamarkaðarins. Lög ESB koma í veg fyrir að einstök ríki geta krafist þess að fyrirtæki noti slíkar merkingar.

Stutt lýsing: Nutri Score er næringarmerki sem ætlað er að auðvelda neytendum að velja hollari matvæli. Mæld eru *jákvæð næringaráhrif* (magn ávaxta, grænmetis, hneta, trefja og próteins) og *neikvæð næringaráhrif* (magn hitaeininga, sykurs, mettaðra fitusýra og salts) í 100g. Stig eru gefin fyrir jákvæða og neikvæða þætti og með ákveðinni reikniaðferð er einkunnin fundin út. A er hæsta einkunnin og E sú lægsta.

Þegar næringarmerkingar á framhlið matvæla voru bornar saman kom Nutri Score best út.

Tillaga 6: Nutri Score, frh.



Neytendur: Nutri Score auðveldar neytendum að bera saman vörur innan sama vöruflokks og meta hvort unnin matvæli teljist holl eða óholl.

Tillaga: Ráðuneytið fylgist vel með umræðunni í kringum merkið innan ESB, styðji þá tillögu að það verði lögbundið og stuðli að því að viðkomandi gerð verði tekin inn í EES samninginn án tafar, verði það gert.

Í millitíðinni leggur hópurinn til að reglur um notkun Nutri Score fari inn í [reglugerð um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla](#) sem er einnig valfrjálst merki. Þegar það hefur verið gert, þarf að upplýsa framleiðendur og neytendur um merkið. Eftirlitsstofnanir hafi eftirlit með því á sama hátt og með Skráargatinu.

Tímasetning: Á ekki við.

Kostnaður: Óverulegur fyrir stjórnvöld.

Tillaga 7: Búvörumerki

Ábending: Eitt helsta umkvörtunarefni neytenda hér á landi, þegar kemur að merkingum matvæla, er að erfitt geti verið að átta sig á því hvort búvara sé úr innlendu eða erlendu hráefni. Ekki er skylt að merkja unnar kjötvörur og tilbúna rétti með upprunalandi og skyldumerkingar á matvælum oft í smáu letri á ólíkum stöðum á pakkningum. Sumir framleiðendur hafa brugðist við því með því að hanna eigið upprunamerki fyrir matvæli úr innlendum búvörum.

Markmið: Auðvelda neytendum að átta sig á því hvort matvæli séu framleidd úr innlendum búvörum.

Stutt lýsing: Bændasamtök Íslands hafa lýst yfir vilja til að eiga og reka sameiginlegt myndmerki fyrir landbúnaðinn sem matvælaframleiðendur hafi val um að setja framan á umbúðir matvæla úr innlendum búvörum sem innihalda að lágmarki 75-80% innlend hráefni. Sambærileg merki í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi sem hópurinn fékk kynningu á, eru höfð til hliðsjónar.

Tillaga 7: Búvörumerki, frh.

Neytendur: Sameiginlegt upprunamerki fyrir innlendar búvörur - sem sett er framan á umbúðir matvæla og rækilega kynnt neytendum - ætti að auðvelda þeim að greina innlendar búvörur frá erlendum.

Mat hópsins: Að mati hópsins myndi innleiðing slíks merkis auðvelda upplýst val neytenda tengt uppruna búvara og sér því ávinning af henni fyrir neytendur. Hópurinn vill jafnframt sjá að framleiðendur séu hvattir til að leggja metnað sinn í að merkja á skýran hátt upprunaland búvara, óháð því hvort þeim sé það skylt eða ekki.

Tímasetning: 2021.

Kostnaður: Á ábyrgð Bændasamtakanna.

Tillaga 8: Matarhandverksmerki

Ábending: Skilningur á matarhandverki (artisan food), bæði meðal framleiðenda og neytenda, er óljós. Í matarhandverki er áherslan á framleiðslu í litlu magni, eftir náttúrulegum ferlum, úr staðbundnum hráefnum, þar sem mannshöndin og handverkið nýtur sín í öllu framleiðsluferlinu. Ímynd og tenging við framleiðslustað, sögu eða matargerðarhefðir svæðisins skiptir líka máli.

Markmið: Auðvelda neytendum að greina á milli matarhandverks og fjöldaframleiddra vara og draga úr líkum á því að vörur sem uppfylla ekki skilyrði matarhandverks séu markaðssettar sem slíkar.

Stutt lýsing: Matarhandverk er hluti af menningararfi þjóða og endurspeglar hefðir og samtíma nýsköpun. Með vaxandi áhuga á matarmenningu og matarferðaþjónustu hefur eftirspurn eftir staðbundnum matvælum og matarminjagripum aukist.

Í samvinnu við Matarauð Íslands munu Samtök smáframleiðenda matvæla vinna m.a. að skilgreiningu og uppfærðum reglum fyrir íslenskt matarhandverk, gerð myndmerkis sem yrði formleg staðfesting á sérstöðu þess og upplýsa neytendur um virði þess.



Tillaga 8: Matarhandverksmerki, frh.

Neytendur: Geta átt erfitt með að átta sig á því um hvers konar vöru er að ræða og hvað liggja að baki þeim verðmun sem jafnan er á matarhandverki og hefðbundinni fjöldaframleiðslu.

Mat hópsins: Slíkt merki mun auka möguleika neytenda á að aðgreina matarhandverk frá fjöldaframleiddum vörum og stuðla þannig að upplýstu vali og um leið efla frumkvöðlastarfsemi á sviði matvæla, matarmenningar og matarferðapjónustu hérlendis.

Tímasetning: Júní – nóvember 2020.

Kostnaður: Á ábyrgð Samtaka smáframleiðenda matvæla.

Tillaga 9: Kolefnisspor á umbúðum/máltíðum

Ábending: Meðvitund neytenda um kolefnisspor sitt fer sívaxandi og því samhliða, kröfur um að vita kolefnisspor þeirra matvæla sem þeir kaupa. Enn sem komið er hefur enginn innlendir framleiðandi sett upplýsingar um kolefnisspor á umbúðir matvæla, svo vitað sé.

Markmið: Auðvelda neytendum að taka upplýsta ákvörðun um eigin neyslu tengt kolefnisspori, auka umhverfisvitund neytenda og stuðla að þróun umhverfisvænni matvæla.

Stutt lýsing: Kolefnisspor samanstendur af niðurstöðum vistferlisgreininga sem er stöðluð aðferðafræði til að meta umhverfisáhrif vöru og þjónustu yfir líftíma þeirra. Verkfræðistofan Efla rekur þjónustuvefinn [Matarspor](#) fyrir mötuneyti og matsölustaði þar sem kolefnisspor máltíða er reiknað út og borið saman.

Módelið byggir á alþjóðlegum stöðlum og var stuðst við meðaltöl úr alþjóðlegum gagnagrunnum. Efla býður einnig upp á útreikning kolefnisspors forpakkaðra matvæla. Innendar og erlendar vottunarstofur bjóða jafnframt upp á kolefnissporsvottun, t.d. [Carbon Trust](#).

Tillaga 9: Kolefnisspor á umbúðum/máltíðum

Tækifæri: Stjórnvöld hafa undirgengist metnaðarfullar skuldbindingar um að draga úr losun gróðurhúsa-lofttegunda og gæti upplýsingagjöf til neytenda um kolefnisspor matvæla og máltíða stuðlað að því að sett markmið náist.

Neytendur: Gefur neytendum betra tækifæri til að hafa áhrif á losun við kaup á matvælum/máltíðum.

Tillaga: 1) Yfirvöld sýni gott fordæmi og birti kolefnisspor þeirra máltíða sem boðið er upp á í mötuneytum ríkisaðila. Gerð verði áætlun um birtinguna, e.t.v. í skrefum. 2) Skilgreining og setning efnahagslegra hvata til að stuðla að því að matvælaframleiðendur, vinnsluaðilar og verslunin greini og birti upplýsingar um kolefnisspor á umbúðum matvæla, vef eða í gagnalaug.

Áskorun: Greiningin þarf að ná til alls vistferils vörunnar, þ.m.t. landnotkunar og margt er enn óljóst því tengt og útreikningar ekki óskeikulir. Enn er kolefnisspor margra innlendra matvæla óljóst.

Tímasetning og kostnaður: Óljós.

Tillaga 10: Lyfjanotkun

Þann 21. september 2019 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra [starfshóp](#) um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmum bakteríum.

Í tilkynningu á vef Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins segir m.a.:

„Starfshópnum er ætlað að gera aðgerðaáætlanir vegna sýklalyfjaónæmra baktería í dýrum, sláturafurðum og matvælum. Jafnframt að setja fram mismunandi valkosti við stefnu sem miðar að því að koma í veg fyrir dreifingu matvæla sem í greinast sýklalyfjaónæmar bakteríur“.

Í ljósi framangreinds telur samráðshópurinn rétt að doka við og leggur því ekki fram tillögur sem snúa að lyfjanotkun. Hann bendir hins vegar á að bálkakeðjutæknin og e.t.v. Gagnalaug GS1 Ísland gætu nýst við að tryggja aðgengi neytenda að upplýsingum um lyfjanotkun í landbúnaði, að svo miklu leyti sem þær eru skráðar í gagnagrunna.

Tillaga 11: Átaksverkefni

Ábending: Neytendur virðast almennt ekki nægilega vel upplýstir um rétt sinn til upplýsinga um matvæli og hvar þeir geti nálgast slíkar upplýsingar. Matvælastofnun heldur úti gagnlegri upplýsingasíðu um rétt neytenda og fyrirkomulag merkinga. Fáir virðast meðvitaðir um tilvist hennar. Á þeirri síðu eru jafnframt ítarlegar upplýsingar fyrir fyrirtæki um þær kröfur sem gerðar eru.

Markmið: Tryggja betri meðvitund neytenda um rétt sinn til upplýsinga um matvæli og hvar þeir geti nálgast slíkar upplýsingar. Átakið verði til þess að fyrirtæki verði betur meðvituð um þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Áskorun: Tæknilegar áskoranir við að tryggja hagfellda og tryggja upplýsingagjöf, markhópagreining og skilgreining bestu leiða til markaðssetningar.

Tillaga 11: Átaksverkefni, frh.

Tillaga: Skilaboðum um tilvist og efni upplýsingasíðu Matvælastofnunar verði komið á framfæri við neytendur á hnitmiðaðan hátt í gegnum samfélagsmiðla á grundvelli markhópagreiningar.

Eftir atvikum mætti nýta tækifærið og gera neytendum grein fyrir aðgengi að upplýsingum í gegnum smáforrit sem tengist gagnalaug.

Skoðaður verði sá möguleiki að matvöruverslanir, veitingastaðir og mótuneyti geti tekið þátt í átakinu þannig að saman fari tækifæri til samkeppni í upplýsingagjöf og bætt upplýsingagjöf um matvæli. Það myndi einnig stuðla að betri meðvitund forsvarsmanna fyrirtækja um þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Tímasetning: Vorið 2021.

Kostnaður: Hópurinn hefur ekki lagt mat á kostnaðinn enda liggur endanleg útfærsla ekki fyrir.

Tillaga 12: Viðhorf neytenda 2020

Ábending: Í netkönnun Capacent Gallup árið 2014 fyrir SA, SI, SVÞ, SAF, BÍ og NS, í tengslum við samstarf þeirra um bættar upprunamerkingar matvæla, kom í ljós að yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga teldi að bæta þyrfti upprunamerkingar. Niðurstöðurnar eru í viðauka á glæru 73.

Markmið: Kanna hvort viðhorf neytenda sé í samræmi við tillögur hópsins.

Tillaga: Gera sambærilega netkönnun þar sem sömu spurninga yrði spurt til að sjá þróunina og tíu spurningum bætt við sem tengjast beint tillögum hópsins. Tillögur hópsins að spurningum eru í viðauka á glærum 75-79.

Tímasetning: September 2020.

Kostnaður: Áætlaður um ein milljón krónur.



Viðauki 1

Nánar um bálkakeðjutæknina, Gagnalaug GS1 á Íslandi, fánamerkingar og merkingar jurtamjólkurvara, ásamt umfjöllun um frátekt afurðaheita mjólkur.



Bálkakeðjutæknin

Bálkakeðjutæknina (e: Blockchain) er hægt að nýta til að tryggja rekjanleika og gagnsæi í gegnum alla virðiskeðjuna, þ.e. frá býli til neytenda.

Bálkakeðjutæknin byggir á hugmyndafræði Bitcoin. Hún býður upp á sameiginlegan gagnagrunn allra í virðiskeðjunni.

Stóri munurinn á bálkakeðjutækninni og miðlægum lausnum er sá að enginn þriðji aðili hýsir gögnin, heldur eru allir aðilar í keðjunni með sama skjalið og tryggt að því sé ekki hægt að breyta nema það eigi við. Þess vegna hentar tæknin afar vel í viðskiptum þar sem uppruni og ferðalag vöru skiptir öllu, svo sem í viðskiptum með landbúnaðar- og sjávarafurðir.



Bálkakeðjutækni

Tækni gerir það mögulegt að senda rafræn gögn milliliðalaust á milli aðila. Þá er afritið ekki sent eins og venjulega, t.d. Word skjöl með tölvupósti, heldur eru upprunalegu gögnin send á milli og ekki hægt að falska eða breyta þeim, sérstaklega ef notast er við rafrænt innsigli.

Hugbúnaður fær lesaðgang að tölvukerfum aðila í aðfangakeðjunni. Í sjávarútvegi væru það kerfi Fiskistofu, útgerðarfyrirtækja, vinnsluaðila, söluaðila og flutningsaðila fisksins sem dæmi.

Hugbúnaðurinn skrifar niður í bálkakeðjuna þær upplýsingar sem talið er að auki rekjanleika, eins og nöfn skipa, útgerðafélaga, afladagbækur, dagsetningar, staðsetningar, hitastig, vottorð og tollskýrslur.



Bálkakeðjutækni

Bálkakeðjutækni gæti nútímavætt allt upplýsingatækniúhverfið í virðiskeðju matvæla hér á landi og gert matvælaframleiðendum kleift að veita viðskiptavinum sínum, héraðs sem erlendis, fullvissu um að rétt vara sé afhent og bjóða upp á fullkominn rekjanleika og gegnsæi.

Hægt er að draga inn rafrænar upplýsingar í takt við áherslur ríkisstjórnar. Auk þess er hægt að draga inn vottanir, tollaskýrslur, farmbréf, lyfjanotkun, fóðurnotkun, áburðarnotkun, jafnvel kolefnisspor o.s.frv. Tækni auðveldar jafnframt innköllun á mat sem ógnar öryggi neytenda.

Tækni gefur neytendum möguleika á að nálgast þessar upplýsingar með því að skanna QR kóða eða strikamerki á matvælum með símanum sínum.



Bálkakeðjutæknin

Mikilvægt er að greina heildstætt þarfir allra aðila keðjunnar og byggt á þeirri greiningu velja keðju sem framleiðendur, vinnsluaðilar, flutningsaðilar, eftirlitsaðilar, neytendur og aðrir myndu tengja sig inn á.

Afar mikilvægt er að greina vel kostnað og ábata áður en stefnumarkandi ákvörðun er tekin um val og innleiðingu. Mesti kostnaðurinn fyrir fyrirtæki er innleiðing/uppsetning á kerfinu.

Áskorun felst í því að velja hvaða bálkakeðju eigi að nota. Til eru lokaðar, opnar og blandaðar keðjur, þ.m.t. innan matvælageirans. Alls eru um 100 tegundir af bálkakeðjum og mikil þróun í gangi. Velja þyrfti eina keðju fyrir markaðinn.



Bálkakeðjutækni

Lykilskrefin:

- Greina virðiskeðjuna m.t.t. hverjir þurfi að koma að ferlinu, hvaða gögnum eigi að safna og hversu auðvelt sé að fá lesaðgang að kerfum.
- Greina hvaða bálkakeðja henti best (dæmi um keðjur eru Hyperledger / IBM, V-Chain, BitcoinSV) og hvaða hugbúnaðaraðilar séu komnir lengst með þessa tækni.
- Gera kostnaðaráætlun sem tekur á því hversu kostnaðarsamt sé að koma þessu upp hjá framleiðendum.
- Skoða regluverkið í kringum notkun tækninnar í virðiskeðju matvæla.


[SeafoodChain](#) í Noregi er komið mjög langt með þessa tækni og er því einn af mögulegum samstarfsaðilum.

- Stjórnarformaður og stofnandi [Rafmyntaráðs Íslands](#) og stofnandi fyrirtækisins [Bálka miðlun ehf.](#) hefur verið að ræða samstarf við þau.

Bálkakeðjutæknin

Megin *styrkleikar* tækninnar eru traust, öryggi, gagnsæi og óbreytanleiki.

Megin *veikleikar* hennar eru **stöðlun** - því ólíkar bálkakeðjur keppa nú hver við aðra, **tæknileg óvissa** - því kerfin tala illa saman, og **tæknileg takmörkun** - því hún er enn að þróast.



Heimild: Kynning KPMG, maí 2019



Bálkakeðjutækni

IBM hefur þróað [Food Trust platform](#) sem er aðgengilegt öllum í virðiskeðju matvæla og hafa verðslanir eins og Carrefour, Beefchain, Smithfield og alþjóðleg fyrirtæki eins Nestlé, Kroger, Unilever og fleiri tileinkað sér tæknina. [Maersk](#) nýtir sér tæknina til að flýta fyrir tollafgreiðslu og bæta eftirlit með vörum sem fyrirtækið flytur.

Matís og Advania gerðu með sér [samkomulag](#) í maí 2018 um að nota bálkakeðjutækni til að skapa vettvang fyrir viðskipti með íslenskar landbúnaðarafurðir. Það verkefni fór ekki formlega af stað, en Matís notaði lausnina við framkvæmd örslátrunarverkefnis haustið 2018. Framkvæmdin var í samræmi við tillögur Matís um regluverk í kringum örslátrun á lögbýlum, auk þess sem mikil áhersla var lögð á fullan rekjanleika í gegnum virðiskeðjuna.



Gagnalaug GS1 Ísland

Sífelld erfiðara verður að koma lögboðnum upplýsingum um matvæli á vörumiða - á sama tíma aukast kröfur neytenda um upplýsingar. Þetta setur aukinn þrýsting á verslunina.

- Tæknikröfur hafa einnig aukist sem og kröfur um að upplýsingar um neysluvörur séu aðgengilegar í versluninni; það er ekki lengur nóg að benda á birgja/framleiðendur.
- Oft reynist erfitt fyrir verslunina að fá aðgengi að vöruupplýsingum, t.d. innihaldslýsingum, ofnæmisvöldum og vottunum frá birgjum.
- Neytendur leita eftir vörum sem eru í umhverfisvænum og helst engum umbúðum og því fylgir áskorun þegar kemur að því að merkja þær.

Upplýsingar um vörur þurfa því að vera aðgengilegar í einhvers konar kerfi.



Gagnalaug GS1 Ísland

Gagnalaug GS1 Ísland er veflausn sem upplýsingar um neysluvörur frá framleiðendum/birgjum eru settar inn í og einfaldar yfirsýn yfir vörur á markaði, t.d. hvað varðar innihaldsefni, þ.m.t. ofnæmis- og ópolsvalda, næringargildi, vottanir og uppruna.

Kerfið er frá Danmörku en aðlagð að íslenskum markaði og er með íslenskt vefviðmót. Viðleitni er hjá GS1 að hafa öll gögn í gagnalauginni staðfest í gegnum gæðakerfi.

Tungumál gagnalauga um allan heim er það sama og hægt er að samþætta gagnalaugina við önnur kerfi hjá viðkomandi fyrirtæki. Bálkakeðja getur sótt gögn í gagnalaugar og þessi kerfi því unnið saman.

Notendavænt viðmót: Beta útgáfa af smáforriti (appi) fyrir neytendur sem þeir geta hlaðið niður í símann sinn og notað til að nálgast upplýsingarnar með því að skanna QR kóða á matvælum með símanum, er nú þegar í prófun.



Gagnalaug GS1 Ísland

Strikamerki eins og við þekkjum í dag koma til með að detta út og QR kóðar taka yfir. QR kóði er tvívítt strikamerki sem getur innihaldið mun meiri upplýsingar en hefðbundin strikamerki og er þegar kominn á sumar vörur. Þegar kóðinn er skannaður, t.d. með snjallsíma, birtast upplýsingarnar sem til eru um vöruna í gagnalauginni.

Vangaveltur eru um það hvort Evrópureglugerðir um merkingar matvæla verði sveigjanlegri þegar rafrænar merkingar eru komnar í almenna notkun, en engin niðurstaða komin í það mál.

Ekki ljóst hver muni bera ábyrgð á því að sannreyna þær upplýsingar sem settar eru inn í gagnalaugina til viðbótar við lögboðnar upplýsingar, þ.m.t. heilsufullyrðingar, þ.e. hvort það sé hlutverk eftirlitsaðila, eins og Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitsins, að skanna kóðann og sannreyna allar upplýsingarnar sem þar koma fram.

Gagnalaug GS1 Ísland

Staðan á því hvaða smásölufyrirtæki væru orðin eða ætluðu sér að vera aðilar að gagnalauginni var eftirfarandi í lok ágúst 2020:

- **Krónan** er komin lengst. Þau sækja ítarupplýsingar um vörur frá gagnalaug frá þeim birgjum sem eru komnir inn í gagnalaugina; bæði erlendum gagnalaugum og innlendum birgjum. Hafa samþætt upplýsingakerfin sín við gagnalaugina og er reynslan mjög jákvæð.
- **Samkaup** eru nú aðilar að gagnalauginni og eru byrjuð að leggja sín lóð á vogarskálarnar gagnvart birgjum.
- **Hagar/Aðföng** - viðræður hafa átt sér stað við þau án þess að þau séu formlega orðin aðilar. Vaxandi líkur eru taldar á því að þau bætist í hópinn fyrr en síðar.



Gagnalaug GS1 Ísland

Birgjar sem voru orðnir aðilar að gagnalaug í lok ágúst 2020:

- SS, Nathan og Olsen, ÍSAM, Myllan, Ölgerðin, Innnes, Holtt og Gott og Reykjarður.
- Mjólkursamsalan, Nói Sírius, Stjörnugrís og Norðlenska að bætast við á næstu vikum.
- Mikil vinna er í gangi við að fjölga birgjum.

Heilbrigðiseftirlitið hefur verið að beita sér fyrir því að verlanakeðjur sem starfrækja netverslun með matvæli fylgi *reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda (nr. 1294/2014)* sem á að hjálpa til við að koma þessu á koppinn.

Þjóðfáninn á matvælum

Í 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið er m.a. kveðið á um að:

Vara telst íslensk ef hún er:

- a. framleidd hér á landi úr **innlendu** hráefni,
- b. framleidd hér á landi úr **innfluttu** hráefni að hluta eða öllu leyti, enda hafi hún hlotið **nægilega aðvinnslu hérlendis**.

Þrátt fyrir b-lið 4. mgr. telst vara **ekki íslensk** ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera **einkennandi hluti vörunnar og er eðlislíkt:**

- a. **búvöru**, þ.m.t. afurðum **eldisfiska**, sem er ræktuð hér á landi,
- b. vöru sem er framleidd hér á landi á **garðyrkjubýli**, **gróðrarstöð** eða **garðyrkjustöð**,
- c. **nytjastofnum sjávar** sem veiddir eru af íslenskum skipum innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Í 12 gr. segir jafnframt:

Ráðherra sem fer með málefni neytendamála er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæði þessu, svo sem um hvað teljist nægileg aðvinnsla, um mat á því hvað teljist einkennandi hluti vöru og eðlislíkt hráefni og um skilgreiningu framleiðslulands.



Þjóðfáninn á matvælum

Í 2. gr. **reglugerðar** um notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru og þjónustu er eftirfarandi skilgreiningar að finna:

Aðvinnsla: Framleiðsla eða vinnsla vöru.

Eðlislíkt hráefni: Hráefni telst vera eðlislíkt ef það, eftir því sem við á og samkvæmt eðli, einkennum, eiginleikum og einstöku notagildi sínu, er eins eða svipar til hráefnis sem því er ætlað að koma í stað/viðkomandi vöru.

Framleiðsluland: Það land þar sem nægileg aðvinnsla vöru fer fram til þess að hún verði talin upprunnin þaðan.

Nægileg aðvinnsla: Framleiðsla eða vinnsla vöru sem skapar næga virðisaukningu til þess að unnt sé að meta vöruna íslenska.

Þjóðfáninn á matvælum - dæmi

Dæmi um unnar matvörur úr *erlendu hráefni* sem ættu ekki að teljast íslenskar samkvæmt lögnum og reglugerðinni og mættu því ekki bera merkið:

- Skinka, reyktur lax, agúrkusalat, tómatasúpa, tilbúinn réttur með þorski og kartöflumús teljast ekki íslenskar og mega ekki bera fánamerkið ef svínakjötið, laxinn, agúrkurnar, tómatarnir, þorskurinn og/eða kartöflurnar eru ekki íslenskt hráefni.

Dæmi um unnar matvörur úr *erlendu hráefni* sem ættu að teljast íslenskar samkvæmt lögnum og mega bera merkið:

- Hveiti og hvers konar kornmjöl, niðursoðnar baunir, krydd, kaffi, súkkulaði, brauð, kökur, kex, snakk, ís og sælgæti.

Þjóðfáninn á matvælum – nægileg aðvinnsla

Í e-lið 2. gr. **reglugerðarinnar** er kveðið á um að nægileg aðvinnsla sé „*framleiðsla eða vinnsla vöru sem skapar næga virðisaukningu til þess að unnt sé að meta vöruna íslenska*“.

Í 4. gr. er kveðið á um að „*við mat á því hvort vara hafi hlotið nægilega aðvinnslu til þess að hún teljist íslensk, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944, þrátt fyrir að vera unnin að hluta eða öllu leyti úr innfluttu hráefni skal meðal annars taka mið af ákvæðum 5. gr. bókunar 4 við EES-samninginn að teknu tilliti til 6. gr. bókunar 4 við EES-samninginn, sbr. og aðvinnsluskrár II. viðbætis við bókun 4 við EES-samninginn.*“ *

Hópurinn telur ljóst að það geti reynst verulega flókið og kostnaðarsamt að skilgreina uppruna vara samkvæmt framangreindu. Hætt er við að minni framleiðendur treysti sér einfaldlega ekki til að nýta þjóðfánann á matvæli.

*Reglur um mat á uppruna vöru, þ.e. reglur [EES-samningsins](#). Sjá einnig [bókun 4](#) við samninginn.

Merkingar jurtamjólkurvara

Tvö álitamál hafa verið til umræðu varðandi merkingar jurtamjólkurvara:

1. Hvort nota megi orðið mjólk, rjómi, smjör, ostur o.s.frv. án viðskeytis sem tilgreinir hvaða hráefni er notað þegar um jurtavöru (að hluta eða öllu leyti) er að ræða, á veitingastöðum, mótuneytum og öðrum stöðum sem selja óforpökkuð matvæli. Neytendastofa hefur þegar úrskurðað gagnvart matvöruverslunum.

Dæmi: **Mjókurkaffi**, **Rjómalöguð** sjávarréttasúpa, súkkulaðikaka með þeyttum **rjóma**, brauð með **smjöri**, pizza með **osti**, **jógúrt** með músli, þegar um er að vörur úr jurtaríkinu.

2. Hvort leyfilegt sé að nota viðskeytið mjólk, rjómi, smjör, ostur o.s.frv. yfir höfuð um vörur úr jurtaríkinu, þó jurtaviðskeyti sé notað.

Dæmi: Möndlumjólk, jurtarjómi, ólífusmjör, sojajógúrt, jurtaostur.

Merkingar jurtamjólkurvara

Í [ákvörðun](#) Neytendastofu frá 2018 segir m.a.:

*„Hvað varði notkun heitanna sem hér um ræði telji Matvælastofnun að fyrst og fremst þurfi að huga að því hvort að notkun á þeim í upplýsingum sem gefnar séu um matvæli geti verið **villandi fyrir neytendur**. Þar sem **hefð** sé fyrir því hér á landi að heitin mjólk, rjómi, smjör, ostur, jógúrt o.s.frv. séu ein og sér notuð yfir kúamjólk og ákveðnar afurðir hennar myndi Matvælastofnun álíta það **villandi** að kalla afurðir/vörur sem ekki uppfylla skilgreiningar í reglugerð um mjólkurvörur, **þessum heitum**. Stofnunin telur að séu þessi heiti notuð **án frekari skýringa** geri neytendur **ráð fyrir** þeim vörum sem skilgreindar séu í reglugerð um mjólkurvörur, þ.e. kúamjólk og afurðum úr henni.*

*Hins vegar geti stofnunin **ekki séð** að neitt sé því lagalega til fyrirstöðu að kalla vörur heitum eins og kókosmjólk, möndlusmjör, hnetusmjör, jurtarjómi o.s.frv. ef markaðssetning og matvælaupplýsingar geti ekki á neinn hátt talist villandi fyrir neytendur s.s. hvað varði eðli vöru.“*

Merkingar jurtamjólkurvara

Í [ákvörðun](#) Neytendastofu frá 2018 segir m.a.:

*„Í þessu samhengi megi einnig benda á ákvæði **viðauka VI. við reglugerð nr. 1169/2011/EB**, um matvælaupplýsingar, þar sem fram komi að þegar um sé að ræða matvæli, þar sem efnisþættir eða innihaldsefni sem neytendur **búist við að séu venjulega notuð eða séu á náttúrulegan hátt fyrir hendi**, hafi verið skipt út fyrir annan efnisþátt eða innihaldsefni, skuli vera á merkingunni, auk listans yfir innihaldsefnin, **skýr tilgreining á efnisþættinum eða innihaldsefninu sem var notað að hluta eða öllu leyti í staðinn**. Dæmi um þetta gæti verið pítsa sem hafi ekki hefðbundinn ost. Neytendur geri ráð fyrir að á pítsu sé ostur úr kúamjólk. Sé notað annarskonar innihaldsefni, s.s. einhverskonar jurtaafurð, í stað hefðbundins osts, sé ekki nóg að það komi fram í lista yfir innihaldsefni heldur **þurfi einnig að fylgja upplýsingar um að pítsan sé með t.d. „jurtaosti“ eða tengt heiti vörunnar**.“*

Frátekt afurðarheita mjólkur

„Reglugerð nr. 1308/2013/EB hefur ekki verið innleidd hér á landi og samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2016 frá 5. febrúar 2016, er reglugerðin aðeins að hluta til tekin upp í EES-samninginn. Þannig eru aðeins tekin upp í EES-samninginn þau ákvæði reglugerðarinnar sem snúa að víni. Önnur ákvæði reglugerðarinnar, þ.m.t. þau sem snúa að mjólk og mjólkurvörum sem og frátekt afurðarheita mjólkur, hafa þannig ekki verið tekin upp í EES-samninginn.“

Reglugerð þessi er hluti af landbúnaðarstefnu ESB. Þó hún kveði á um þá meginreglu að heitin mjólk og mjólkurvörur megi einungis nota um tiltekna vörur, er í henni að finna sérstaka undanþágu frá þeirri reglu. Þannig beri aðildarríkjum að tilkynna framkvæmdastjórn ESB um lista yfir vörur sem þau meti svo að falli undir undanþáguna. Möndlumjólk er þannig að finna á lista t.d. Spána og Frakklands. Kókosmjólk er á flestum listum sem og hnetusmjör, kakósmjör og möndlusmjör. Af þessu er ljóst að regluverkið sem gildir um notkun heitanna er ólíkt hér á landi og í Evrópusambandinu.

Búast má við því að umræða og umfjöllun um þessi málefni aukist á komandi misserum þar sem sífellt bætast við nýjar vörur á markað þar sem líkt er eftir eðliseiginleikum dýraafurða.




Viðauki 2

Niðurstöður viðhorfskönnunar 2014.



Niðurstöður könnunarinnar 2014

Skiptir það þig miklu, nokkru, litlu eða engu máli að upplýsingar um upprunaland séu til staðar á umbúðum matvæla við ákvörðun um kaup?



Ákveðnar tegundir matvæla eru merktar landinu þar sem lokaafurðin er framleidd, en upprunaland hráefnis kemur ekki fram. Finnst þér slíkar merkingar á matvælum ásættanlegar?

Skiptir það þig máli að þekkja upprunaland aðalinnihaldsefnis í unnum kjötvörum t.d. áleggi, pylsum eða böfum?



Könnunin var gerð á tímabilinu 26. júní til 4. júlí. Í úrtaki voru handahófsvaldir 1.400 einstaklingar á öllu landinu, 18 ára og eldri. Fjöldi svarenda var 842 þannig að þátttökuhlutfall var 60%.



Viðauki 3

Tillögur hópsins að spurningum til viðbótar við þær sem voru spurðar 2014.

Tillögur að spurningum

- 1. Finnst þér upplýsingar um matvæli á umbúðum oftast, stundum, sjaldan eða aldrei vera nægilega upplýsandi?**
 - Oftast
 - Stundum
 - Sjaldan
 - Aldrei
- 2. Telur þú þig vita að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti hvaða upplýsingar skylt er að hafa á umbúðum matvæla?**
 - Að miklu leyti
 - Að nokkru leyti
 - Að litlu leyti
 - Að engu leyti
- 3. Veist þú á hvaða vefsíðu þú getur nálgast upplýsingar um hvaða upplýsingar er skylt er að hafa á umbúðum matvæla?**
 - Já, hvar? [innsláttur]
 - Nei



Tillögur að spurningum, frh.

4. Ef þú gætir nálgast ítarlegri upplýsingar um matvörur en fram koma á umbúðum, með því að skanna þær með símanum þínum, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir nýta þér það?

Mjög líklegt

Frekar líklegt

Ekki svo líklegt

Ólíklegt

Síuspurningar (ekki rukkað fyrir og ekki markhópagreindar):

- A. Borðar þú kjöt?

- B. Borðar þú fisk?

Já

Nei

Tillögur að spurningum, frh.

5. [Einungis þau sem borða kjöt spurð]:
Skiptir það þig miklu, nokkru, litlu eða engu máli hvort upplýsingar um upprunaland kjöts sem er á boðstólum á veitingastöðum og/eða í mótuneytum séu aðgengilegar, t.d. í bæklingi eða á töflu, þannig að ekki þurfi að spyrja starfsmann að því?
Miklu máli
Nokkru máli
Litlu máli
Engu máli
6. [Einungis þau sem borða fisk spurð]:
Myndi það skipta þig miklu, nokkru, litlu eða engu máli að skylt væri að hafa eftirfarandi upplýsingar á umbúðum fiskafurða í matvöruverslunum:
- hvort fiskurinn sé villtur eða úr eldi, hvar hann er veiddur og með hvaða veiðarfærum
Miklu máli
Nokkru máli
Litlu máli
Engu máli

Tillögur að spurningum, frh.

7. **Finnst þér mikil, nokkur, lítil eða engin þörf á því að íslenskur landbúnaður taki upp sérstakt merki sem færi framan á umbúðir innlendra búvara og staðfesti að hráefni vörunnar væri íslenskt?**

Mikil þörf

Nokkur þörf

Lítill þörf

Engin þörf

Tengt hollustu

8. **Finnst þér almennt séð auðvelt eða erfitt að meta hversu holl eða óholl unnin matvæli eru í matvöruverslunum?**

Mjög auðvelt

Frekar auðvelt

Hvorki auðvelt né erfitt

Frekar erfitt

Mjög erfitt

Tillögur að spurningum, frh.

9. Þegar fram kemur á veitingastað eða í mötuneyti að réttur innihaldi rjóma, smjör, ost eða aðra mjólkurvöru, finnst þér skipta miklu, nokkru, litlu eða engu máli að tekið sé fram á matseðli að varan sé úr jurtaríkinu, ef svo er?

Dæmi: Ef súpa er sögð rjómalöguð, að tilgreint sé á matseðli að sá rjómi sé jurtarjómi.

Miklu máli

Nokkru máli

Litlu máli

Engu máli

10. Myndi það skipta þig miklu, nokkru, litlu eða engu máli við val á matvælum í matvöruverslunum ef upplýsingar um kolefnisspor þeirra kæmi fram á umbúðum?

Miklu máli

Nokkru máli

Litlu máli

Engu máli

Veit ekki hvað kolefnisspor er



Viðauki 4

Starfið

Starfið

Hópurinn fundaði u.þ.b. mánaðarlega eða ellefu sinnum á tímabilinu apríl 2019 - febrúar 2020. Lokafundur hópsins var í júní 2020 þar sem formaður lagði fram lokadrög að skýrslu hópsins. Á flestum fundum var eitt meginþema og að því loknu voru önnur mál rædd. Gestir hópsins tengdust meginþema hvers fundar.

1. fundur – 08.04.19: Hlutverk og væntingar hópsins- starfið skipulagt og tillögur að umræðuefni.

2. fundur – 02.05.19: Gagnalaug – kynning og umræður.

Gestur: Bjarni Friðrik Jóhannesson, stjórnarmaður hjá GS1 Ísland og „merchandise“ hjá Krónunni.

3. fundur – 24.05.19: Bálkakeðjutæknin – kynning og umræður.

Gestir: Sigurvin B. Sigurjónsson og Bjarki Benediktsson af ráðgjafasviði og Björg Anna Kristinsdóttir af skatta- og lögfræðisviði KPMG, ásamt Hlyni Þór Björnssyni, f.h. Rafmyntaráðs Íslands.

4. fundur – 20.06.19: Búvöruerki á Norðurlöndunum – kynning og umræður.

Bryndís Eiríksdóttir, ritari hópsins, tók saman og kynnti búvöruerki Norðmanna, Svía og Finna.

Starfið

5. fundur – 02.09.19: Upprunamerkingar kjöts á veitingastöðum - „Finnsla leiðin“

Gestir:

Stór mótuneyti og fyrirtæki sem framleiða mat fyrir mótuneyti: Björn Bragi Bragason, matreiðslumeistari hjá mótuneyti Símans og forseti Klúbbs matreiðslumeistara, Brynja Ó. Bjarnadóttir, rekstrarstjóri og Sævar matreiðslumaður frá Krydd og Kavíar, og Rúnar Gíslason matreiðslumeistari hjá Kokkunum.

Veitingastaðir: Þorkell Andrésen, yfirkokkur og meðeigandi á ROK, Ylfa Helgadóttir, yfirkokkur og eigandi Kopar, og Friðgeir Eiríksson, matreiðslumaður og eigandi Eiríksson Brasserie.

Fyrir fundinn var einnig haft samband og rætt stuttlega við Sturlu Birgisson, matreiðslumeistara hjá Icelandair, Úlfar Finnbjörnsson matreiðslumeistara á Grand Hótel, Þráinn Frey Vigfússon hjá Sumac og Hrefnu Sætran hjá Grill- og Fiskmarkaðinum, en þau komust ekki á fundinn.

Kjötverslanir og annars konar sölustaðir: Jón Örn Stefánsson, matreiðslumeistari og Gunnur Sveinsdóttir gæðastjóri hjá Kjötkompaní. Halldór Þórhallsson, matreiðslumaður hjá Hjá Dóra í Mjóddinni komst ekki.



Starfið

6. fundur – 23.09.19: Búvörumerki – kynning og umræður.

Tjörvi Bjarnason frá BÍ kynnti hugmyndir þeirra um íslenskar búvörumerkingar og bakgrunninn.

7. fundur – 04.11.19: Samantekt, yfirferð og umræður um þau mál sem hópurinn hafði tekið til umfjöllunar.

8. fundur – 25.11.19: Fánalögin og merkingar fiskafurða - umræður.

Fyrir fundinn hafði verið haft samband við sérfræðing á neytendaréttarsviði Neytendastofu (fánalögin) og fulltrúa SFS, fv. formann LS, formann SFÚ og eiganda Hafið fiskverslun (merkingar fiskafurða).

9. fundur – 18.12.19: Neysluvenjur og neysluhegðun Íslendinga – kynning og umræður.

Umræða um könnun á afstöðu neytenda til upprunamerkinga 2014 og nýja könnun á vegum hópsins 2020.

Gestur: Friðrik Björnsson, viðskiptastjóri hjá Gallup.

Starfið

10. fundur – 16.01.20: Umferðaljósamerkingar og skrifleg samantekt formanns – kynning og umræður.

- Brynhildur Pétursdóttir frá NS fór yfir kynningu á umferðaljósamerkingum
- Formaður fór yfir samantekt á þeim málefnum sem höfðu verið til umfjöllunar og voru þau rædd.

11. fundur – 13.02.20: Fyrstu drög formanns að skýrslu hópsins – kynning og umræður.

Hlé í apríl og maí. Lokadrög að skýrslunni unnin í júní.

12. fundur – 25.06.20: Lokadrög formanns að skýrslu hópsins – kynning og umræður.

Að fundi loknum var lokahönd lögð á skýrsluna og hún send sem lokadrög á ráðuneytið 3. júlí. Í byrjun september var lokayfirferð og lokaútgáfunni skilað 9. sept.

Á tímabilinu sem hópurinn starfaði og við vinnslu skýrslunnar var aftur haft samband við ofangreinda aðila og aðra þá sem gætu veitt gagnlegar upplýsingar. Textinn er hópsins en einnig samsuða úr ólíkum kynningum, tölvupóstum, vefsíðum (innlendum og erlendum) og samtölum við þá sérfræðinga.



Viðauki 5

Svör Neytendastofu við spurningum
hópsins frá 15. maí 2019

Upplýsingar frá Neytendastofu um þau mál sem komið

hafa inn á borð stofnunarinnar vegna villandi merkinga og markaðssetningar á matvælum

1. Hversu margar ábendingar og kvartanir hefur Neytendastofa borist á undanförunum 5 árum vegna villandi merkinga og markaðssetningar á matvælum?

102 ábendingar og kvartanir að því er varðar uppruna, innihald og eðli vörunnar. Stór hluti þeirra hefur snúið að innihaldslýsingu og upplýsingum um næringargildi matvæla og eru þær ábendingar framsendar til Matvælastofnunar eða neytendum bent á að hafa samband þangað.

2. Hve oft hefur Neytendastofa gripið til aðgerða í slíkum málum og til hvaða aðgerða hefur verið gripið?

Neytendastofa hefur tekið 19 mál til meðferðar vegna ábendingar og kvartana. Í þeim tilvikum sem viðskiptahættir töldust villandi voru þeir bannaðir og fyrirtækjunum gert að hætta háttseminni. Einnig hafa verið lagðar á sektir í þeim tilvikum sem ekki var farið að fyrri ákvörðun stofnunarinnar.

Upplýsingar frá Neytendastofu

um þau mál sem komið hafa inn á borð stofnunarinnar vegna villandi merkinga og markaðssetningar á matvælum

3. Hver eru helstu álitæfnin í málum er varða villandi merkingar og markaðssetningu á matvælum?

Líkt og fram hefur komið er stór hluti ábendinga varðandi matvæli vegna innihaldslýsinga matvæla og upplýsinga um næringargildi, tungumál merkinga og önnur atriði sem heyra undir Matvælastofnun. Af þeim ábendingum og kvörtunum sem heyra undir eftirlit Neytendastofu eru það helst álitæfni varðandi villandi markaðssetninga á uppruna vöru eða eðli hennar.

4. Hver eru viðurlögin ef framleiðandi/innflytjandi/seljandi er fundinn sekur um villandi merkingar og markaðssetningu á matvælum?

Neytendastofa hefur skv. lögum 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, heimild til að banna háttsemi, beina fyrirmælum og heimila háttsemi með ákveðnum skilyrðum. Þá getur stofnunin lagt á stjórnvaldssektir allt að 10.000.000 kr. og einnig lagt á dagsektir sé ekki farið að ákvörðun.